

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2691/1999

2003/EES/6/33

frá 17. desember 1999

um reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1172/98
um hagskýrslur um vöruflutninga á vegum^(*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/98 frá
25. maí 1998 um hagskýrslur um vöruflutninga á vegum⁽¹⁾,
einkum 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1172/98 skal framkvæmdastjórnin ákveða fyrirkomulag við gagnaflutninga aðildarríkjanna.
- 2) Nauðsynlegt er að tilgreina þá landskóða fyrir milli-landflutninga á aðlögunartímabilinu sem gert er ráð fyrir í 5. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.
- 3) Notkun tveggja mismunandi kerfa landskóða, sem skilgreind eru í viðaukum A og G við reglugerð (EB) nr. 1172/98, samræmist ekki skilvirkum gagnaflutningi aðildarríkjanna.
- 4) Æskilegt er að setja saman nýja skrá landskóða sem byggir á svæðiskóðakerfinu í flokkun hagskýrslu-svæða (NUTS).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 1999.

5) Aðlaga ber viðauka A og G í reglugerð (EB) nr. 1172/98 í samræmi við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunar-nefndarinnar sem komið var á fót með ákvörðun 89/382/EBE, KBE⁽²⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1172/98 er breytt sem hér segir:

1. Í stað texta 7. þáttar A-hluta 2 í viðauka A komi eftirfarandi:

„7. Lönd sem farið er í gegnum (eigi fleiri en fimm), kóðuð samkvæmt viðauka G.“

2. Í stað viðauka G komi viðaukinn við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Pedro SOLBES MIRA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 326, 18.12.1999, bls. 39, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2002 frá 31. maí 2002 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 44, 5.9.2002, bls. 20.

(1) Stjtið. EB L 163, 6.6.1998, bls. 1.

(2) Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI G

KÓÐUN LANDA OG SVÆÐA

1. Fermingar- og affermingarstaðir skulu kóðaðir sem hér segir, sbr. þó það sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1172/98 um einfaldaða kóðun tiltekinna breytna á aðlögunartímabili:
 - a) sundurliðun eftir svæðum á 3. stigi hagskýrslusvæðaflokkunarinnar (NUTS) að því er varðar aðildarríki Evrópubandalagsins;
 - b) skrá yfir stjórnsýslusvæði, sem viðkomandi þriðja ríki lætur í té, að því er varðar ríki sem eru ekki aðilar að Evrópubandalaginu en eru aðilar að EES-samningnum, þ.e. Ísland, Liechtenstein og Noreg;
 - c) fyrir önnur þriðju lönd ber að nota tveggja stafa kóða skv. ISO 3166. Algengustu kóðarnir eru gefnir upp í töflunni hér á eftir.
2. Við einfaldaða kóðun millilandaflutninga á aðlögunartímabili, sem um getur í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1172/98, sem og við kóðun landa sem farið er í gegnum (7. þáttur A-hluta 2 í viðauka A), ber að nota eftirfarandi landskóða:
 - a) tveggja stafa hlutann af kóðunum í flokkun hagskýrslusvæða, sem fram koma í töflunni hér á eftir, fyrir aðildarríki Evrópubandalagsins;
 - b) fyrir öll önnur lönd ber að nota tveggja stafa kóða skv. ISO 3166. Algengustu kóðarnir eru gefnir upp í töflunni hér á eftir.

Tafla yfir landskóða

- a) *Aðildarríki Evrópusambandsins (svarar til tveggja stafa landskóða í flokkun hagskýrslusvæða)*

Ath: Löndunum er raðað eftir opinberri röðun Evrópusambandsins.

Heiti lands	Kóði
Belgía	BE
Danmörk	DK
Þýskaland	DE
Grikkland	GR
Spánn	ES
Frakkland	FR
Írland	IE
Ítalía	IT
Lúxemborg	LU
Holland	NL
Austurríki	AT
Portúgal	PT
Finnland	FI
Svíþjóð	SE
Breska konungsríkið	UK

b) Önnur lönd (tveggja stafa kóðar skv. ISO 3166)

Ath: Löndunum er raðað eftir opinberri röðun Evrópusambandsins.

Heiti lands	Kóði
Albanía	AL
Bosnía og Hersegóvína	BA
Búlgaríá	BG
Hvíta-Rússland	BY
Sviss	CH
Kýpur	CY
Tékkland	CZ
Eistland	EE
Króatía	HR
Ungverjaland	HU
Ísland	IS
Liechtenstein	LI
Litháen	LT
Lettland	LV
Moldóva	MD
Makedónía, fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu	MK
Malta	MT
Noregur	NO
Pólland	PL
Rúmenía	RO
Rússland	RU
Slóvenía	SI
Slóvakía	SK
Tyrkland	TR
Úkraína	UA
Júgóslavía	YU

Fyrir lönd, sem ekki eru í þessari skrá, ber að nota tveggja stafa kóða skv. ISO 3166.“